

## Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 6. september 2021 og hófst hann kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Ásgrímur Angantýsson og Steinunn Stefánsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Vetrarstarfið

Gert er ráð fyrir hefðbundnu starfi Íslenskrar málnefndar. Flestir stjórnarfundir verða haldnir sem fjarfundir en áætlað er að desemberfundur verði staðfundur.

### 2. Íslensk málstefna 2021–2030, til afgreiðslu

Íslensk málstefna 2021–2030 var afgreidd af hálfu stjórnar. Málstefnan verður lesin vel yfir og síðan send mennta- og menningarmálaráðuneyti. Að lokum verður hún birt sem tillaga stjórnar á síðunni *islenskan.is*.

### 3. Ályktun 2021, til afgreiðslu

Samþykkt var ályktun um stöðu tungunnar 2021 sem í ár ber yfirskriftina *Máluppeldi barna og menntun*.

### 4. Málræktarþing og viðurkenningar

Rætt var um fyrirhugað málræktarþing 30. september sem haldið verður í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins. Yfirskrift málræktarþingsins er *Íslenskukennsla á 21. öld* og eftirtaldir flytja erindi: Hanna Óladóttir, Hjalti Halldórsson, Jón Yngvi Jóhannsson, Renata Emilsson Pesková og Halldóra Sigtryggisdóttir. Dagskrá málræktarþings lýkur með afhendingu viðurkenningar Íslenskrar málnefndar.

### 5. Skýrsla um kynhlutlaust mál, kynning

Sjá fg. stj. ÍM 1/2021. Lögð var fram skýrsla um kynhlutlausa málnotkun og kosti og ókosti þess að stjórnvöld beiti sér fyrir henni, sbr. erindi sem barst frá málnefnd Stjórnarráðsins um ráðgjöf í þessum málum. Skýrslan verður afgreidd endanlega á næsta stjórnarfundum Íslenskrar málnefndar.

### 6. Erlent samstarf, kynning

Fjarfundur í netverki norræna málnefnda var haldinn 25. ágúst. Meðal þess sem rætt var eru tillögur norrænu ráðherranefndarinnar um mikinn niðurskurð á fjárframlagi til netverksins en ef af verður hefur það mikil áhrif starfsemi þess. Ísland fer næst með formennsku í netverki norræna málnefndanna árið 2024.

Málþing norræna málnefndanna var haldið 26.–27. ágúst í Noregi og fór fram í fjarfundarformi. Þema þingsins var máltækni. Alls voru flutt 14 erindi og þar á meðal var erindið *Íslensk infastruktur for språkteknologi* sem Anna Nikulásdóttir hélt. Ráðgert er að birta greinar byggðar á erindunum í næsta hefti tímaritsins *Sprog i Norden* en það tímarit er gefið út rafrænt á vefnum <https://tidsskrift.dk/sin>.

Haldinn verður fjarfundur um *Yfirlýsingu um málstefnu Norðurlanda (Declaration om nordisk sprogpolitik)* 16. september (kl. 10–14 að finnskum tíma). Nánari upplýsingar um fundinn má lesa hér: <https://www.hanaholmen.fi/sv/event/nordisk-sprakkonferens/>

## 7. Önnur mál

### a. Skýrsla um ráðandi tungumál í ferðaþjónustu

Lögð var fram til kynningar skýrslan [Ráðandi tungumál í íslenskri ferðaþjónustu](#) sem greinir frá nýlegri rannsókn sem gerð var á stöðu íslensku í ferðaþjónustu.

### b. Fundur fullskipaðrar málnefndar

Stefnt er að því að halda fund í fullskipaðri málnefnd 17. nóvember.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 18:05.

Ármann Jakobsson  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.